



Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

15. maí 2020 – Pistill nr. 74



Frá íbúafundi um geðrækt í Skjólbrekku en fundinum var líka streymt á netinu.

Geðrækt í Mývatnssveit – Einstakt verkefni þar sem í boði verða námskeið og einkatímar fyrir íbúa

Skútustaðahreppur og Sálfræðipjónusta Norðurlands hafa tekið höndum saman og ætla að bjóða Mývetningum upp á verkefni sem felst í sértækri þjónustu varðandi geðrækt (hluti af hamingjuverkefninu). Geðræktarverkefnið skiptist í fræðslu, ráðgjöf, verkefni og rannsóknir þar sem

megináherslan verður á lífsleikni og sjálfsrækt annars vegar og geðrækt hinsvegar.

Í síðustu viku var opinn fyrirlestur og kynning á geðræktarverkefninu í Skjólbrekku og var fundinum jafnframt streymt á facebook síðu sveitarfélagsins, er hægt að nálgast upptöku af honum þar. Erú Mývetningar hvattir til þess að horfa á fundinn því þar er kynnt aðferðarfræði sem er einstök á landsvísi en sveitarfélagið mun bjóða upp á námskeið til að efla geðrækt Mývetninga. Jafnframt mun sveitarfélagið bjóða íbúum upp á þrjá ókeypis tíma hjá sálfræðingi. Þá verða forvarnir og úrræði fyrir grunnskólanemendur og ungmenni í gegnum náttúruumeðferð.

Vel var mætt, bæði í Skjólbrekku og á fjarfundinn. Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur og sveitarstjórnarfulltrúi fór yfir niðurstöður Hamingjukönnunar 2020. Sigrún Heimisdóttir sálfræðingur kynnti aðkomu Sálfræðipjónustu Norðurlands, samstarfsfólk og hvað geðræktarverkefnið felur í sér. Helgi Héðinsson Oddviti var fundarstjóri.

Fyrsta námskeiðið verður haldið í júní og verður auglýst fljótlega. Mývetningar eru hvattir til þess að fylgjast vel með og grípa það sem í boði verður.

Laufey Sigurðardóttir fær Menningarverðlaun Skútustaðahrepps 2020

Velferðar- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps hefur samþykkt að Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari í Höfða fái Menningarverðlaun Skútustaðahrepps 2020. Nafnbótin getur hvort sem er hlotnast

einstaklingum, hópi eða félagasamtökum. Tilnefningar bárust en velferðar- og menningarmálanefnd velur hver hlýtur menningarverðlaun eða viðurkenningu fyrir framúrskarandi menningarstarf með hliðsjón af tilnefningum og ábendingum, en er þó ekki bundin af því. Handhafi menningarverðlauna fær styrk frá sveitarfélaginu samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Þetta er í annað sinn sem verðlaunin eru afhent.



Í tilnefningu um Laufeyju sagði m.a.: „Í meira en 20 ár hefur hún staðið fyrir tónlistarhátíðinni Músik í Mývatnssveit um páska og gefið okkur Mývetningum tækifæri á að sjá og hlýða á flytjendur á heimsmælikvarða. Tónleikarnir hafa verið fastir í páskadagskránni í Mývatnssveit og hingað hafa komið bæði innlendir og erlendir hljóðfæraleikarar og söngvarar og flutt verk sem margir hér í Mývatnssveit myndu aldrei annars hafa tækifæri á

að sjá flutt. Hátíðin hefur einnig verið aðdráttarafli fyrir gesti að sækja sveitina heim um páska. Það að geta setið í Skjólbrekku og hlustað á flutning á aríum úr nýjustu íslensku óperunni eða klassískari verk flutt af heimsklassa tónlistarfólki er algjörlega ómetanlegt.”



Nýr slökkvibíll

Brunavarnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar fengu í vikunni nýja slökkvibifreið. Bifreiðin er keypt í samstarfi og samvinnu við Vaðlaheiðargöng hf. en slökkviliðið gerði ásamt slökkviliðinu á Akureyri, samning við Vaðlaheiðargöng um öryggismál og aðkomu slökkviliðanna að göngunum. Slökkvilið Akureyrar fékk samskonar bifreið. Reiknað er með að hægt verði að taka slökkvibílinn í notkun fljótlega en beðið er eftir námskeiði fyrir slökkviliðsmenn á búnað bifreiðarinnar.

Bíllinn sem um ræðir er af gerðinni IVECO og er fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur með One Seven 1300 slökkvikerfi, með múnitor á framstuðara, IR myndavél (hitamyndavél) ásamt tveim handvélum (hitamyndavélum), 2700 lítra loftbanka fyrir slökkviliðsmenn, klippubúnað, loftpúðum, 12m stiga og 5 reykköfunartækjum.

10 sumarstörf námsmanna í Mývatnssveit auglýst í gegnum Vinnumálastofnun

Í samræmi við viðspyrnuáætlun sveitarfélagsins vegna Covid-19 faraldursins var könnuð eftirspurn vegna sumarstarfa bæði fyrir námsmenn og þá sem eru án atvinnu. Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram yfirlit skráninga sem bárust. Sveitarfélagið sótti um

11 störf hjá Vinnumálastofnun fyrir námsmenn í sumar og fékk úthlutað 10 störfum sem er mikið ánægjuefni. Verða störfin auglýst fljótlega. Þá hefur sveitarfélagið sent erindi til Vinnumálastofnunar og fundað með félagsmálaráðherra um rýmri úrræði og stuðning Vinnumálastofnunar fyrir atvinnuleitendur. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun eru 34 atvinnuleitendur í sveitarfélaginu og spáð er rúmlega 30% atvinnuleysi í maí. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa sumarstörf fyrir námsfólk sem kostað er af Vinnumálastofnun. Einnig fyrir atvinnuleitendur þegar úthlutun Vinnumálastofnunar liggur fyrir. Sveitarstjóra var falinn nánari útfærsla og að leggja fram kostnaðaráætlun vegna starfa atvinnuleitenda fyrir sveitarstjórn þegar lokaskráning liggur fyrir.

Vinnuskóli fyrir 8.-10. bekk í sumar

Í samræmi við viðspyrnuáætlun sveitarfélagsins vegna Covid-19 faraldursins var könnuð eftirspurn hjá nemendum í 8.-10. bekk um vinnu í Vinnuskóla í sumar. Á fundi sveitarstjórnar var lagt yfirlit skráninga sem bárust og minnisblað sveitarstjóra um fyrirkomulag Vinnuskóla 2020 ásamt kostnaðaráætlun að upphæð 2 m.kr. Þar sem eftirspurn er talsverð samþykkir sveitarstjórn að starfrækja Vinnuskóla í júní og júlí fyrir 8.-10. bekk. Sveitarstjóra var falinn nánari útfærsla. Kostnaður við Vinnuskólann verður um 2 m.kr.

Hjóla- og gönguvika í ágúst

Sveitarstjórn hefur samþykkt að hjóla- og gönguvika verði í Mývatnssveit í lok ágúst í samstarfi við Hjólaferni.

Verkefnið snertir lýðheilsu, samgöngur, menningu og loftslagsmál. Markmið verkefnis er að ýta undir sjálfbæra þróun í samgöngum, með því að auka hlutdeild vistvænna og virkra samgangna. Að efla þekkingu og kenna reiðhjólavíðgerðir, hvetja til göngu og upphefja gildi þess að hreyfa sig í daglegum önnum fyrir eigin orku.

Hjólafernin verður unnin á fjórum dögum frá miðvikudegi til laugardags, 26. - 29. ágúst n.k. Verkefnið er að stærstum hluta unnið fyrir styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu en móttframlag sveitarfélagsins er 200.000 kr. sem yrði fjármagnað í gegnum hamingjuverkefnið.

Verkefnið styður við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem mörg sveitarfélög vinna að um þessar mundir, aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og lýðheilsustefnu sveitarfélagsins. Dagskrá 26.-29. ágúst:

1. Opin kynning á hjóla- og gönguvíkunni.
 2. Undirbúningsnámskeið með helstu tengiliðum.
 3. Hjólað um sveitarfélagið og aðstaðan rýnd.
 4. Skrifað undir Göngusáttmálann - sem unnin er af samtökunum Walk21. Gengið um sveitarfélagið og aðstaðan rýnd.
 5. Viðgerðarnámskeið fyrir reiðhjól.
 6. Hjólavottun vinnustaða - opin kynning. Hjólavottun á vinnustöðum.
 7. Hjóla- og göngudagur sveitarfélagsins - hjólaþrautabrautir - hjólagarður - hjólaferðir - gönguleiðir – samganga.
- Hjóla- og gönguvikan verður auglýst frekar þegar nær dregur.



Strandblakvöllinn við Íþróttahúsið er svo gott sem tilbúinn en hann verður vígður seinna í mánuðinum. Völlurinn er samstarfsverkefni sveitarfélagsins og Mývetnings. Stjórn Mývetnings lauk í gær við að setja upp net og línur og prófaði völlum í kjölfarið. Verða eflaust margar gleðistundirnar á strandblakvöllum í Mývatnssveit í sumar.

Breyting á sorphirðu í Birkilandi

Sveitarstjórn hefur samþykkt að í stað sorpgáma í frístundabyggðinni Birkilandi bjóði sveitarfélagið

lóðarhöfum upp á að vera með í sorphirðukerfi sveitarfélagsins líkt og annað íbúðarhúsnæði samkvæmt samningi við Terra. Um tilraun verði að ræða til 31. maí 2021. Í því felst að lóðarhafar þurfa að greiða sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúð/íbúðarhúsnæði og sorptunnugjald fyrir nýjar tunnur frá og með 1. júní 2020 í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins. Þá verður sorphirðupjónusta yfir vetrartímam háð aðgengi að Birkilandi, snjómokstri og aðgengi að frístundahúsum. Þá verði skilyrt að lóðarhafar gangi vel frá sorptunnunum og þær séu aðgengilegar og staðsettar við slóða fyrir sorphirðuna. Með þessu er aukin þjónusta við frístundabyggðina og jafnframt eykst flokkun á sorpi í sveitarfélaginu.

Staðan á viðspyrnuáðgerðum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps:

Á fundi sveitarstjórnar fóru sveitarstjóri og oddviti yfir stöðuna á 15 viðspyrnuáðgerðum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps sem samþykkt var í síðasta mánuði:

1. Áskorun sveitarstjórnar til ríkisvaldsins að koma með sértækar viðspyrnuáðgerðir fyrir sveitarfélag sem sérstaklega eru háð afkomu ferðaþjónustunnar og sjá fram á mikið atvinnuleysi og tekjusamdrátt líkt og í tilfelli Skútustaðahrepps:

Staðan: Sveitarfélagið hefur fundað með félagsmálaráðherra, Vinnumálastofnun og fleiri aðilum vegna stöðunnar og komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Einnig með forsvarsmönnum Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps en þessi sveitarfélög eru í svipaðri stöðu og Skútustaðahreppur. Þá hafa verið haldnir ýmsir samráðsfundir á sveitarstjórnarstiginu og með ýmsum hagsmunaaðilum.

2. Fyrir liggja sex tillögur í sameiginlegu nýsköpunarverkefni Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar sem nefnist Nýsköpun í norðri. Flestum tillögnum er hægt að hrinda strax af stað og eru viðspyrna fyrir atvinnulíf svæðisins og aukinn viðnámsþróttur íslensks samfélags m.t.t. loftslagsmála, matvælaframleiðslu og byggðafestu.

Staðan: Nýsköpun í norðri hefur þegar fengið styrki frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga, SSNE (áhersluverkefni), Umhverfisráðuneytinu og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Jafnframt er beðið svara við styrkumsóknum til Loftslagssjóðs, Landbótasjóðs, Nýsköpunarsjóðs námsmanna (2. úthlutun), SSNE (2. úthlutun áhersluverkefna), Kvikmyndasjóðs og C9 áætlunarinnar, auk alþjóðlegra styrkumsókna sem Matarskemman hefur tekið þátt í og hafa tengst aðgerðum NÍN.

3. Að ríkið nýti einstakt tækifæri og festi kaup á Hótel Gíg (gamla grunnskólann) sem gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs í Mývatnssveit. Þar er hægt að byggja upp gestastofu ásamt þekkingarsetri, mennta- og menningarsetri. Sveitarfélagið er tilbúið til þess að koma að málinu með öflugum hætti.

Staðan: Málið er á forræði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og er í jákvæðum farvegi. Fulltrúar ríkisins hafa skoðað húsnæðið og verið er að móta næstu skref.

4. Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt að fresta allt að þremur gjalddögum fasteignagjalda íbúða- og atvinnuhúsnæðis.

Staðan: Komið í framkvæmd.

5. Gjöld leikskóla lækkuð í samræmi við notkun á þjónustu. Sem fyrr verður matur í leikskóla og grunnskóla ókeypis sem og frístund grunnskóla.

Staðan: Komið í framkvæmd.

6. Gildistími þrekkorta í íþróttamiðstöð framlengdur.

Staðan: Komið í framkvæmd.

7. Stuðningur til heilsuefingar þar sem horft verður til verkefnisins Hamingja Mývetninga. Meðal annars verður boðið upp á uppbyggileg námskeið og stuðning fyrir íbúa í samstarfi við Sálfræðiþjónustu Norðurlands.

Staðan: Verkefnið er komið af stað. Haldinn var opinn kynningarfundur á verkefninu í síðustu viku í Skjólbrekku og streymt á netinu og er upptakan aðgengileg á Facebook síðu sveitarfélagsins. Næsta skref er að bjóða upp á námskeið fyrir íbúa í júní og öllum íbúum gefst tækifæri til að fá þrjá ókeypis einkatíma hjá Sálfræðiþjónustu Norðurlands.

8. Velferðarþjónusta verður eflað í samstarfi við félagsþjónustu Norðurþings.

Staðan: Komið í framkvæmd.

9. Virkt samráð og samtal sveitarstjórnar, íbúa og rekstraraðila þar sem óskað verður eftir tillögum til sveitarstjórnar um viðspyrnuaðgerðir.

Staðan: Komið í framkvæmd. Margar góðar tillögur hafa komið frá íbúum. Haldinn var samráðs- og upplýsingafundur sveitarstjórnar með Mývatnssstofu í síðustu viku.

10. Í samræmi við tillögur atvinnuá- og framkvæmdanefndar verður farið í nýframkvæmdir og viðhaldsframkvæmdir í samræmi við fjárfestingaáætlun ársins 2020 en í stað þess að greiða þær með veltufé sem ekki er lengur til staðar verður farið í lántöku til að efla atvinnulífið.

Staðan: Komið í framkvæmd. Undirbúningur framkvæmda er í fullum gangi.

11. Farið verður í átaksverkefni fyrir sumarstarfsfólk í samstarfi við Vinnuálastofnun og fyrir háskólaþólk í samstarfi við Þekkinganet Þingeyinga til að fjölga atvinnutækifærum.

Staðan: Er í undirbúningi. Vinnuálastofnun hefur samþykkt 10 sumarstörf fyrir námsmenn.

12. Vinnuskólinn verður starfræktur á ný fyrir ungmenni í samstarfi við ungmennaráð verði eftirspurn eftir því.

Staðan: Er í undirbúningi. Vinnuskólinn verður starfræktur í sumar.

13. Sveitarstjórn samþykkir að auka hlutfé sitt í nýsköpunarfyrirtækinu Mýsköpun.

Staðan: Sveitarstjórn hefur samþykkt að auka hlutfé um 3 m.kr. í Mýsköpun.

14. Stutt verður við bakið á nýsköpunarverkefnum Nýsköpunar í norðri.

Staðan: Komið í framkvæmd.

15. Stutt verður við bakið á markaðsátaki fyrir Mývatnssveit í samstarfi við Mývatnssstofu.

Staðan: Sveitarstjórn hefur samþykkt að leggja 1,4 m.kr. í markaðsátak með Mývatnssstofu.

Starf sveitarstjóra auglýst

Eins og Mývetningum er eflaust kunnugt um hefur undirritaður sagt upp störfum sem sveitarstjóri

Skútustaðahrepps en ég hef verið ráðinn sem borgaritari Reykjavíkurborgar. Mun ég taka við því starfi 11. júní n.k. eða í kjölfar sveitarstjórnarfundar Skútustaðahrepps sem er daginn áður.

Um leið verður afar erfitt að yfirgefa Mývatnssveit sem ég hef tekið ástfóstri við eftir að hafa verið þar síðustu fjögur árin. Hér hef ég kynnst skemmtilegustu flóru mannlífs sem til er, eignast afar góða og trausta vini til lífstíðar og þykir óendanlega vænt um þetta samfélag. Mývatnssveit er mesta náttúruperla landsins. Mest af öllu mun ég sakna okkar frábæra starfsfólks og ekki síst sveitarstjórnar sem skipuð er af einvala liði og mun stýra skútunni áfram af festu og einurð. Víst er að maður kemur í manns stað.

Sveitarstjórn hefur þegar auglýst eftir nýjum sveitarstjóra og er umsóknarfrestur til og með 17. maí n.k. Nánari upplýsingar um starfið má finna á heimasíðu Skútustaðahrepps og Capacent sem sér um ráðningaferlið.



Skoða ávinning af friðlýsingu svæða

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Hilda Jana Gísladóttir, formaður Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra (SSNE) skrifuðu undir samning í Mývatnssveit í vikunni um greiningu tækifæra og áhrif friðlýstra svæða á nærsvæði þeirra. Verkefnið er ein aðgerða á Byggðaáætlun 2018-2024 en er einnig hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar um sérstakt átak í friðlýsingum og að skoðaðir verði möguleikar á þjóðgörðum á öðrum svæðum en nú

